

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna 2019

Nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum styrkarið 2019

1. Inngangur

Hinn 10. janúar 2013 setti mennta- og menningarmálaráðherra reglur um nýjan sjóð, Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna, en á sama tíma var Launasjóður fræðiritahöfunda lagður niður. Fjallað er um hlutverk hins nýja sjóðs í 1. gr. reglnanna (nr. 25/2013) en þar segir: „Meginhlutverk sjóðsins er að launa starfsemi þeirra fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigreini.“

2. Stjórn og umsýsla sjóðsins

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningum frá Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, og ReykjavíkurAkademíunni. Formaður stjórnarinnar er skipaður án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Þóknun fyrir stjórnarsetu og umsýslukostnaður greiðist af framlagi til sjóðsins.

Samkvæmt 11. grein reglna nr. 25/2013 um Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna setur stjórn sjóðsins nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum og kynnir þær fyrir mennta- og menningarmálaráðherra.

Rannís fer með daglega umsýslu Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna. Ása Guðrún Kristjánsdóttir (asa.kristjansdottir@rannis.is) svarar almennum fyrirspurnum varðandi sjóðinn.

Vinsamlegast athugið að umsækjendur mega ekki undir nokkrum kringumstæðum hafa samband við stjórnarmenn meðan mat umsókna fer fram. Öllum fyrirspurnum og ábendingum skal beina til Rannís. Brot á þessu ákvæði getur leitt til þess að umsókn verði vísað frá.

3. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur er til þriðjudags 2. apríl 2019 kl. 16:00.

Athugið að hvorki er hægt að stofna eða senda inn umsóknir eftir kl. 16:00. Umsóknir eru rafrænar (slóðin er <http://www.rannis.is/sjodir/menntun/starfslaunasjodur-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna/umsoknir-og-eydublod/>). Ekki er tekið við neinum gögnum eftir að umsóknarfresti lýkur. Öllum ófullgerðum umsóknum er vísað frá.

Ekki er hægt að senda inn nein viðbótargögn með umsókn í sjóðinn. Allar upplýsingar sem koma til mats skulu koma fram í umsókn.

4. Styrkir og forsendur fyrir styrkveitingu

Hlutverk Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna er að styrkja starfsemi fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigreini. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar fræðirita og fræðigreina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku á ýmsu formi. Í því felst

að Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna getur veitt sjálfstætt starfandi fræðimönnum starfslaun svo að þeir geti sinnt störfum sínum við vinnu og undirbúning á fræðiritum og upplýsingaefni. Miðað er við að umsækjendur geti sótt um starfslaun fyrir vinnu við fleiri en eitt verkefni sem unnin eru samhliða er hafa útgáfu að langtímamarkmiði. Vinsamlegast athugið að verkefni til prófgráðu eru ekki styrkt af sjóðnum.

5. Umsókn

Umsækjendur sækja um starfslaun til Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna í þrjá, sex, níu eða 12 mánuði í senn og skal tilgreina starfslaunatímabil á umsóknareyðublaði. Starfslaun sjóðsins árið 2019 eru 393.000 kr. á mánuði (um verktakagreiðslur er að ræða).

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna greiðir hvorki yfirvinnu vegna rannsókna né laun til þeirra sem eru jafnframt á fullum launum í öðrum störfum.

Hægt er að sækja um starfslaun til sama verkefnis til eins árs í senn, að hámarki þrisvar sinnum.

Heimilt er að sækja um ferðastyrk að upphæð 150.000 kr. í tengslum við einstök verkefni sem sjóðurinn styrkir. Skilyrði fyrir slíkum styrk er að fræðimanni séu veitt starfslaun í að minnsta kosti sex mánuði og að ferðin sé nauðsynleg til að afla gagna fyrir verkefnið.

6. Matsferli

Stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna metur umsóknir í sjóðinn og tekur ákvörðun um styrkveitingu. Stjórn metur umsóknir eftir gæðum þeirra og efnistöfum, greiningu á stöðu þekkingar, markmiði, nýnæmi, frumleika og verkátun. Tekið er tillit til líklegrar birtingar niðurstaðna til gagns fyrir almenning og fræðasamfélag. Miðað er við að eigi líði meira en tveir mánuðir frá því að umsóknarfrestur rennur út þar til úthlutun liggur fyrir.

7. Samningur

Rannís gerir samning við styrkþega fyrir hönd Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna. Í samningi skal koma fram hvaða verkefni/verkefnum styrkþegar vinna að á styrktímabili. Ganga skal frá samningi innan tveggja mánaða frá tilkynningu um styrk ella fellur styrkur niður. Hægt er að sækja um frest til að ganga frá samningi en slíkt verður að gera formlega fyrir 1. júlí 2019. Allir styrkir sem ekki er búið að semja sérstaklega um eru afskrifaðir 1. janúar 2020.

8. Greiðslur og eftirfylgni

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna greiðir styrki í samræmi við greiðsluyfirlit í samningi. Starfsmönnum Rannís er heimilt að skoða nánar og án tilefnis framgang þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir hverju sinni. Grunur um misferli verður tilkynntur stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna undantekningalaust. Stjórn sjóðsins er að auki heimilt að fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi fræðimaður hafi ekki sinnt fræðistörfum sínum.

9. Lokaskýrsla

Lokaskýrslu styrkars skal skila eigi síðar en ári eftir að styrkari lýkur. Í skýrslunni skal tilgreina hvaða árangur náðist á styrktímabilinu. Í henni ber að staðfesta að áætlun hafi verið fylgt en gera ella grein fyrir breytingum á verkefninu. Sé aftur sótt um starfslaun til sama verkefnis verður lokaskýrsla síðasta styrkars að hafa borist. Síðasti fimmtungur styrks hverju sinni er greiddur þegar skýrslu fyrir verkefnið hefur verið skilað. Hafi lokaskýrsla ekki borist Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna innan árs frá skilafresti, getur stjórn sjóðsins ákveðið einhliða að afskrifa eftirstöðvar styrksins. Hægt er að sækja um frest til skila á lokaskýrslu en slíkt verður að gera formlega áður en upphaflegur skilafrestur lokaskýrslu rennur út.

Styrkþegar skulu afhenda Rannís eintak af öllum prentuðum útgáfum sem unnar voru fyrir styrk úr Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna, jafnvel þótt útgáfan eigi sér stað eftir að lokaskýrslu vegna starfslauna hefur verið skilað til Rannís.